



Fyrirtækið Meniga ehf. hlaut Vaxtarprotann 2013 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið nær tífaldaði sölutekjur sínar milli árána 2011 og 2012. Fyrirtækin Controlant, Nox Medical og Iceconsult fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti Viggó Ásgeirssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni og starfsmönnum Meniga Vaxtarprotann að viðstöddum fulltrúum sprotafyrirtækja og stuðningsaðilum atvinnulífsins í Kaffi Flóru í Grasagarðinum við hátíðlega athöfn 3. maí.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli árána 2011 og 2012, en viðurkenningunum var skipt í tvo flokka. Í 2. deild, flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir hlutu fyrirtækin Meniga og Controlant viðurkenningu, en í 1. deild, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1000 milljónir fengu fyrirtækin Nox Medical og Iceconsult viðurkenningu.

Samtök iðnaðarins veita sérstaka viðurkenningu til sprotafyrirtækja sem velta í fyrsta sinn meira en einum milljarði króna. Fyrirtækið Naust Marine náði

þeim áfanga á síðasta ári og var því brautskráð sem sprotafyrirtæki og tekið inn í úrvalsdæld íslenskra hátækniyrirtækja. Áður hafa CCP, Betware og Nimblegen hlotið þessa viðurkenningu. Samtök sprotafyrirtækja og Samtök iðnaðarins veittu Steingrími J. Sigfússyni sérstaka viðurkenningu fyrir gott starf við uppbyggingu nýsköpunar- og sprotumhverfis og tók Katrín Jakobsdóttir við henni fyrir hans hönd.

Þetta er í sjöunda sinn sem Vaxtarprotinn er afhentur en hann hefur verið veittur árlega frá árinu 2007. Áður hafa hlotið Vaxtarprotann fyrirtækin Maroka 2007, Mentor 2008 og 2009, Nox Medical 2010, Handpoint 2011 og Valka 2012.

Vaxtarprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.



Sigmar Guðbjörnsson formaður SSP afhendir Katrínu Jakobsdóttur viðurkenningu SSP og SI til Steingríms J. Sigfússonar vegna stuðnings við nýsköpun

bis. 2



Leiðari
Tækifæri til
að efla
atvinnulífíð

bis. 3



Viðtal við Steinþór
Skúlason
Á að afnema
búvernd?

bis. 4



Innleiðing
gæða-
stjórnunar

bis. 5



Urðun verði
undantekning

bis. 8





Tækifæri til að efla atvinnulífið

Árlegt stefnumót atvinnulífsins í Evrópu (European Business Summit) fór fram í Brussel um miðjan maí. Þar komu saman helstu forystumenn atvinnulífsins og Evrópusambandsins til að ræða um framtíðina. Viðfangsefni fundarins að þessu sinni var að finna leiðir til að efla evrópskan iðnað og skapa vöxt með því að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem eru til staðar. Undirrituð tók þátt í umræðum um nýsköpun og hugverkarrétt, sérstaklega innan hugbúnaðargeirans.

Við erum meðvituð um hversu hratt tækni breytist og mikilvægi rannsókna og þróunar fyrir velgengi fyrirtækja, bæði innan hugbúnaðargeirans en einnig og ekki síður fyrir allar aðrar atvinnugreinar sem byggja á upplýsingatækni. Til að þjóðir Evrópu geti nýtt sér þá möguleika og ávinning sem upplýsingatækni getur fært okkur verðum við að tryggja að öflugur hugbúnaðargeiri vaxi og dafni í Evrópu og leggja aukna áherslu á nýsköpun.

Heimurinn er að breytast og unga kynslóðin hugsar alþjóðlega og sér tækifæri í öðrum heimsálfum. Heimur þeirra skiptist ekki í Evrópu og restina af heiminum. Það er því ekki nóg að líta eingöngu til Evrópu heldur verðum við að horfa á heiminn í heild.

Þessar áskoranir munu ákvarða hvernig

viðskiptamódel við byggjum upp í heimi þar sem tækni leikur sífellt stærra hlutverk

Nýsköpun sem fram fer í samstarfi aðila er gríðarlega mikilvæg í þessu tilliti. Skapa þarf aðstæður og hvata sem örva fyrirtæki, menntastofnanir og aðra opinbera aðila til sem víðtækasta samstarfs. Ávinningur samstarfs þarf að vera skýr og það er mikilvægt að allir hagnist á einhvern hátt. Vöxtur hagkerfis Evrópu mun í auknu mæli haldast í hendur við hagkerfi Asíu og Bandaríkjanna. Þess vegna þurfum við að hvetja fyrirtæki, stofnanir og háskóla til vinna saman, þvert á landamæri og heimsálfur. Um leið þurfum við að mennta fleira fólk á sviði vísinda og tækni.

Einkaleyfi eru einn mælikvarði á árangur rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Svo virðist sem Asíuþjóðirnar séu að taka fram úr Evrópu í fjölda skráðra einkaleyfi og margir telja það til marks um að Evrópuþjóðirnar hafi látið undan síga í hinni hörðu alþjóðlegu samkeppni. Einkaleyfakerfið höfum við þróað í þeim tilgangi að standa vörð um fjárfestingu í nýsköpun. Það er langt í frá gallalaust og það reynist mörgum bæði flókið og kostnaðarsamt að sækja um einkaleyfi. Sífellt fleiri líta svo á að einkaleyfi í hugbúnaðargerð eigi ekki rétt á sér. Það er þó mikilvægt í þessum geira eins og

öðrum að standa vörð um fjárfestingu í nýsköpun og margir telja að hugbúnaður sé nægjanlega varinn með höfundarrétti.

Ný hátæknifyrirtæki eru alþjóðleg, þau staðsetja sig þar sem hentar þeim best með tilliti til aðgengis að mannaudi og góðum starfsskilyrðum, innan Evrópu eða utan.

Vöxtur margra hátæknifyrirtækja byggir ekki á einkaleyfum. Sem dæmi má taka fyrirtæki úr upplýsingatækni-geiranum sem neita að setja einkaleyfi á verk sín vegna þess að lítið er á gagnvirka miðlun upplýsinga og samvinnu sem undirstöðu velgengni.

Öflugur hugbúnaðargeiri og upplýsingatækni eru forsenda þess að hægt sé að nýta ný tækifæri í evrópsku atvinnulífi og sækja fram. Skapa þarf ný störf og hleypla nýju lífi í efnahagslífi þar sem hagvöxtur er of lítil. Bregðast þarf hratt við, skapa nýjar lausnir og tækifæri fyrir unga fólk og okkar ásamt því að tryggja fyrirtækjum góð starfsskilyrði og að þau búi við fyrirjáanleika í starfsumhverfinu.

Svana Helen Björnsdóttir
formaður Samtaka iðnaðarins

Hvað er að fréttá?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is



Á að afnema búvernd?

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um búvernd og hafa sumir kallað eftir afnámi slíkrar verndar, einkum á hvítu kjöti. Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir áhrif þess ekki hafa verið hugsuð til enda og að nauðsynlegt sé að setja umræðuna í samhengi við íslenskan landbúnað í heild sinni.

Vaxandi samkeppni og hagræðing

Á þeim aldarfjórðungi sem Steinþór hefur starfað í greininni hafa orðið miklar breytingar. „Þegar ég hóf störf hjá SS var sauðfé slátrað í fjórtíu og níu sláturhúsum. Síðastliðið haust voru þau átta en þyrftu sennilega ekki að vera nema fjögur. Stórgripum er slátrað á tíu stöðum en það þyrftu ekki að vera nema þrjú til fjögur stórgripasláturhús.“ Steinþór segir vandann liggja í því að sláturhúsin séu í eigu mismunandi aðila og samkeppnisyfirvöld líti á innanlandsmarkað sem sérmarkað sem takmarki möguleika á samþjöppun. „Ég tel að á okkar litla markaði þurfi að leyfa fækkun eininga og samþjöppun til að hægt sé að lækka kostnað enda stöndum við frammi fyrir vaxandi erlendri samkeppni og það er okkur nauðsynlegt að geta hagrætt meira. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að mikil hagræðing á sér stað erlendis og við höldum ekki í við þá þróun nema geta gengið lengra. Hvíta kjötið hefur verið gert að fyrsta skotmarki hjá þeim sem vilja afnám tollverndar og því meira að segja verið gefið nafnið „farþegar“ sem er greinilega samið af almannatengslafyrirtæki eins og þessi áróður allur. Því hefur verið ræki-lega svarað að eins og hvítt kjöt er framleitt á Íslandi er það hluti af landbúnaðinum og styður við aðrar greinar og kjöt-vinnsluna.“ Segir Steinþór.

Sérhæfing og verkaskipting

Steinþór segir að kenningar hagfræðinnar um sérhæfingu og verkaskiptingu



Viðtal við Steinþór Skúlason
forstjóra Sláturfélags Suðurlands

þjóða virki í fullkomnum heimi þar sem frelsi og traust ríki. „Líklega væri hagkvæmast að margt í veröldinni væri framleitt í Kína og við veiddum fisk og framleiddum endurnýjanlega orku. En heimurinn er ekki fullkominn. Af þessum sökum vilja flest lönd heimsins geta séð um stóran hluta af framleiðslu á matvælum fyrir þegna sína og beita til þess margvíslegum aðferðum, ýmist með beinum eða óbeinum styrkjum eða innflutningstakmörkunum.“ Steinþór segir að í tilfelli Íslendinga sé þetta afstaða sem verði að taka - hvort fólk vilji innlenda landbúnað eða ekki. „Við munum aldrei geta keppt í verði við erlenda aðila og það mun kosta 20-40% meira í vöruverði að viðhalda innlendum landbúnaði en ef ornað væri fyrir innflutning sem mun leiða til hruns innlands landbúnaðar. Ef við fórnnum landbúnaðinum þá fylgir fleira. Bændur eru vörslumenn landsins og við verðum ekki með sama land til að selja ferðamönnum ef hluti af sveitum landsins fer úr byggð. Það liggur fyrir að á komandi áratugum verður erfitt að framleiða næg matvæli fyrir æ stækkandi mannkyn og þegar er orðinn skortur á vatni víða. Það væri því að mínu viti mjög misráðið að fórna íslenskum landbúnaði fyrir stundargróða og gráta það síðar“, segir Steinþór að lokum.

Jafningjafræðsla - háskólanemar kynna verk- og tækninám

Actavis, Íslandsbanki, Nýherji, Síminn, Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík tóku á liðnum vetri höndum saman í baráttunni við að auka áhuga ungmenna á verk- og tækninámi og fengu til liðs við sig 20 öflugum nemendum beggja háskóla til að fara í framhaldsskóla landsins með kynningu undir heitinu Tækniáhugi.

Háskólanemarnir mynduðu 10 tveggja manna teymi og fóru í alls 47 kynningaferðir í þá framhaldsskóla sem sáu sér fært að taka á móti þeim. Lögð var áhersla á að heimsækja fyrstubekkinga og lagt upp með að kynna þeim þau fjölbreyttu og áhugaverðu störf sem hægt er að starfa við ef nemendur velja sig ekki frá verk- og tæknifögum og halda þannig sem flestum leiðum opnum.

Átakið tókst vel. Af þrjátíu og einum skóla sem fengu boð um þátttöku þáðu tuttugu og níu boðið. Gróflaga áætlað má því gera ráð fyrir að um 2000 krakkar hafi hlustað á kynninguna. Fyrirhugað er að halda verkefninu áfram næsta vetur og markmiðið verður að sjálfsögðu að gera enn betur.

Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana. Sjá nánar á www.gsi.is“

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
5. tbl. 19. árg. Maí 2013
ISSN 1022-7741


Fór í prentsmiðju: 31.5.2013
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orrí Hauksson
Ritstjóri: Rakeļ Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Vinnufundur hjá prenttæknisviði IÐUNNAR

Stjórn prenttæknisviðs IÐUNNAR stóð fyrir vinnufundi í Kríunesi með stjórnendum og starfsfólki í prentiðnaði 23. maí. Rætt var um framtíðarnámsframboð og önnur málefni sviðsins. Skiptust þátttakendur m.a. á skoðunum um væntingar og hvað mætti betur gera. Gestafyrirlesari á fundinum var Manfred Werfel, aðstoðarforstjóri WAN-IFRA alþjóðasamtaka dagblaða og dagblaðaútgefanda. Í erindi sínu dró hann upp svipmynd af framtíðarstarfsmanni í prent- og útgáfu- iðnaði.

Innleiðing á gæðastjórnun



Er þú hikandi við innleiðingu á gæðastjórnun í þínum rekstri? Krafa um gæðastjórnun við mannvirkjagerð í nýjum mannvirkjalögum virðist ekki hafa orsakað mikil viðbrögð stjórnenda fyrirtækja og iðnmeistara.

Þrátt fyrir góðan ásetning með laga-setningunni dugir það ekki eitt og sér. Ætla má að bæta þurfi þekkingu og skilning á gagnsemi gæðastjórnunar hjá eigendum og stjórnendum fyrirtækja á mannvirkjasviði.

Hingað til hefur of lítið borið á menntun til framleiðslu- og verkefnastjórnunar í námskrá við iðn- og iðnmeistaránám.

Gæðastjórnun í mannvirkjagerð snýst um framleiðslu- og verkefnastjórnun, þar sem stjórnunar- og samskiptaferlar hafa verið skilgreindir og starfsfólk leiðbeint og þjálfað samkvæmt því.

Stjórnandi sem tileinkar sér gæðastjórnun hefur góð tækni á daglegum verkefnum, starfar í yfirveguðu umhverfi og vinnur í samvinnu og sátt við viðskiptavini og birgja. Jafnframt aukast líkur á ásættanlegri afkomu og að áætlanir standist.

Gæðastjórnun fjallar um stjórnunarleg gæði, einfaldlega góða stjórnun þar sem stjórnendur hafa myndað sér skoðun og ákvarðað helstu stjórnunar- og verkferla í fyrirtækinu.

Samtök iðnaðarins hafa frá árinu 1997 lagt áherslu á, hvatt og aðstoðað félagsmenn sína við að tileinka sér gæðastjórnun.

Samtökin búa yfir þekkingu, reynslu og búnaði til að leiðbeina og aðstoða félagsmenn sína við að öðlast þekkingu, færni og hæfni til að beita gæðastjórnun og koma sér upp eigin gæðakerfum.

Félagsmönnum SI stendur til boða að taka gæðastjóra og gæðakerfi á leigu sem felst m.a. í eftirtöldu:

1. Miðlægrri vistun á eigin gæðakerfi og verkhöppum gegn vægu mánaðarlegu gjaldi þar sem innifalinn er:

- aðstoð ráðgjafa SI við að byggja upp gæðakerfi
- kennsla og leiðbeiningar við notkun á word, excel, tölvupósti og öðrum álíka hugbúnaði
- aðgengi að ýmsum hjálpargögnum vegna reksturs og framleiðslu- og verkefnastjórnunar
- stutt námskeið fyrir stjórnendur og almenna starfsmenn
- önnur aðstoð eftir efni og ástæðum

2. Ráðgjöf, úttekt og vottun innra skipulags og verkferla samkvæmt fjöggra þrepa vottun SI.

Starfsmaður SI er reiðubúinn, hvenær sem er, að kynna það sem í boði er hjá Samtökunum varðandi aðstoð og ráðgjöf án nokkurs kostnaðar fyrir félagsmenn, hvar sem þeir eru á landinu.

*Ferdinand Hansen
verkefnastjóri gæðastjórnunar*



Steinull fær ISO vottun

Gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi Steinullar hf. á Sauðárkróki hafa nú verið vottuð samkvæmt ISO 9001:2008 og ISO 14001:2004 stöðlunum. Vottunin nær yfir framleiðslu og sölu á steinullinni og einnig er hráefnatakan á Sauðárkróki innan kerfisins.

Undirbúningur verkefnanna hófst í byrjun árs 2011 og hlaut gæðastjórnunarkerfið vottun í september 2012 og umhverfisstjórnunarhlutinn var síðan vottaður í apríl síðastliðnum.

Steinull naut ráðgjafar fyrirtækisins 7.is við innleiðingu kerfanna en alþjóðlegi vottunaraðilinn VTT, Technical Research Centre í Finnlandi annaðist vottunarferlið.

ISO staðlarnir eru alþjóðleg viðmið í viðskiptum milli fyrirtækja og viðurkenndir til að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri.

Vegna framangreindra vottana eru afurðir Steinullar hf. nú gjaldgengar, sem byggingarefni í vistvænar byggingar. Miðað er við kröfur BREEAM matskerfis, sem var byggt upp í Bretlandi en hefur hlotið talsverða útbreiðslu í Evrópu og víðar. Þau viðmið sem þar eru sett ryðja sér nú mjög rúms og grundvallast á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Framleiðsla Steinullar hf. er um margt einstök varðandi umhverfisáhrif. Hráefnið kemur ekki úr grjótnámu og ekki er notað jarðefnaeldsneyti til að bræða grjótið, sem er hin hefðbundna aðferð. Í staðinn eru notaðir íslenskir endurnýjanlegir orkugjafar við framleiðsluna en ekki er síður athyglisverð hráefnatakan úr fjörunni á Sauðárkróki þar sem umhverfisáhrif eru ekki merkjanleg eftir nærri 30 ára starfsemi fyrirtækisins. Segja má að náman endurnýi sig sjálf með framburði Héraðsvatna, sem sjórin skilar upp í fjöruna.

Þrátt fyrir hrun íslenska byggingamarkaðarins hefur rekstrarafkoma Steinullar hf. verið viðunandi enda efnahagur fyrirtækisins afar traustur og það verið í hópi „Framúrskarandi fyrirtækja“, allt frá því að CREDITINFO fór að veita þær viðurkenningar.

Urðun verði undantekning



F.v.: Ingvar Hjálmarsson, gæðastjóri Umslags, Árni H. Kristinsson, framkvæmdastjóri BSI á Íslands og Sölvi Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Umslags

Umslag fær ISO 27001 öryggisvottun

Fyrirtækið Umslag hefur fengið ISO 27001 öryggisvottun og er fyrst fyrirtækja í prentiðnaði til að fá slíka vottun.

Með vottuninni er tryggt að Umslag fylgi ströngum kröfur um rétta meðhöndlun gagna og upplýsinga sem og notkun ferla í rekstri og aðbúnaði. Vottunin nær yfir alla starfsemi Umslags og er endurnýjuð árlega af bresku staðlastofnunni BSI, sem gerir þá úttekt á öllum þáttum sem að vottuninni snúa.

Unnið hefur verið að innleiðingu ISO 27001 öryggisvottunarinnar hjá Umslagi í tæpt ár og hafa sérfræðingar fyrirtækisins Stika veitt ráðgjöf varðandi verkefnið.

Sölvi Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Umslags telur engan vafa á því að þessi vottun auki enn frekar tiltrú viðskiptavina Umslags varðandi vinnslu trúnaðargagna. Ljóst sé, að mikil vaxning er nú varðandi öryggismál og því kalli sé m.a. svarað af Umslags hálfu með ISO 27001 öryggisvottuninni. Umslag hafi síðastliðin 20 ár sérhæft sig í vinnslu viðkvæmra gagna og vottunin styrkir enn frekar þá vinnslu.

Þá má geta þess, að Umslag fékk Svansvottun 2012, en slík vottun tryggir að unnið sé samkvæmt öllum umhverfisstöðlum sem slík vottun krefst.

Þá hefur Umslag verið valið sem framúrskarandi fyrirtæki af fyrirtækinu Creditinfo sl. þrjú ár. Til að öðlast slíka staðfestingu þarf viðkomandi fyrirtæki að standast styrkleikamat Creditinfo og uppfylla ströng skilyrði sem lögð eru til grundvallar á framúrskarandi fyrirtækjum.

Meðhöndlun úrgangs er ein af þeim áskorunum í umhverfismálum sem fyrirtæki standa frammi fyrir. Mikið hefur áunnist í að flokka úrgang og koma honum í endurvinnslu. Í nýútkominni Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 – 2024 kemur fram að árið 1995 fór um 80% úrgangs til urðunar en árið 2011 um 31%. Það sem ekki er urðað fer einkum til endurvinnslu, í orkuvinnslu eða jarðgerð.

Atvinnulífið á stóran þátt í þessum árangri. Magn óflokkaðs úrgangs hefur dregist mun hraðar saman frá rekstrar-aðilum en heimilum. Fyrirtæki og iðnaður standa sig því vel á þessu sviði, enda er rekstrarúrgangur oft einsleitur og heppilegur til endurvinnslu. Allt bendir til að þessi þróun haldi áfram, enda eru sett fram metnaðarfull markmið um minni urðun í Landsáætlun. Sérstök áhersla er á að lífrænn úrgangur verði ekki urðaður.

Nú þegar er farið að framleiða orku úr lífrænum úrgangi. Það má gera með því að framleiða lífdísil úr afgangi fitu og matarolíu eða með gasgerð. Jarðgerð er stunduð á nokkrum stöðum á landinu en moltan reynist ágætis áburður. Sama má segja um kjötmjöl sem er framleitt á Suðurlandi úr kjötuúrgangi. Mikill áhugi er á nýsköpun þar sem vannýtt hráefni er notað í nýjar framleiðsluvörur og nú eru á markaði lækningavörur og snyrtivörur unnar úr hráefni sem áður var hent.

Nýir markaðir fundnir

Undanfarin ár hefur áherslan færst yfir í að nýta betur hráefni þannig að minna af úrgangi falli til. Breyttar markaðsfor-sendur hafa orðið til þess að nú getur borgað sig að vinna og flytja út hráefni sem ekki svaraði kostnaði áður. Dæmin eru þó nokkur og hér verður litið til sláturvinnslu. Hafist hefur vinnsla og útflutningur á görnum og vömbum til Asíu og Bretlands. Einnig útflutningur á frystum innmat, lifur, hjörtum og nýrum. Kinda- og nautgripalappir eru fluttar út til manneldis, m.a. til Afríkúríkja. Verið er að skoða nýtingu á innmat til lífefna-vinnslu og fleiri nota. Fita, sinar og bein eru flutt út frá flestum eða öllum kjöt-vinnslum til notkunar í kjötkraft, gervi-garnir, sápu og fleira. Slög eru flutt út til Bretlands til notkunar í kebab. Að lokum má nefna að blóð sem ekki er nýtt til sláturgerðar fer í fódurgerð.

Allt þetta hefur orðið til þess að magn sláturúrgangs fer minnkandi. Fram kemur í Landsáætlun að árið 2010 var



Bryndís Skúladóttir
forstöðumaður umhverfismála

tæplega 20 þúsund tonnum af sláturúr-gangi safnað sérstaklega. Þar af fór tæplega 51% eða um 10 þúsund tonn beint til förgunar, rúm 2.000 tonn voru jarðgerð og rúm 7.000 tonn fóru til endurnýtingar, aðallega í kjötmjöl og loð-dýrafóður. Árið 2011 var heildarmagn sláturúrgangs komið niður í 16 þúsund tonn.

Orkueftirlitskerfi ReMake á markað í Bretlandi

ReMake Electric ehf. og InTouch IS hafa undirritað samstarfssamning um að vinna saman að því að koma eTactica orkueftirlitskerfinu frá ReMake á markað í Bretlandi. Kerfið gerir fyrirtækjum mögulegt að fylgjast með kostnaði, álagi og notkun rafmagns niður á hvert öryggi með það að markmið að auka rekstraröryggi og ná fram skilvirkni og hagræðingu í rekstri.

Hilmir Ingi Jónsson, forstjóri og stofnandi ReMake Electric, er að vonum ánægður með samstarfssamninginn. „Við erum að sjá virkilega spennandi viðbrögð víða um heim með íslenska eTactica kerfinu okkar. Við erum í skýj-unum með frábært samstarf okkar við InTouch, sem að við teljum að sé hárréttur aðili til að koma okkar vörum og þjónustu á framfæri á jafn stórum markaði og Bretland er,“ segir Hilmir Ingi.

„Við sjáum fram á spennandi tækifæri á mörkuðum erlendis þar sem eTactica er auðvelt í uppsetningu og sveigjanlegt í notkun. Við erum bjartsýn á framtíðina og verðum á næstu vikum komin á markað með vörur okkar frá Svíþjóð til Singapore“.



Auglýst eftir umsóknum ESB styrki

Auglýst er eftir verkefnum sem fjalla um nýja tækni, vörur eða framleiðslu-aðferðir í atvinnugreinum þar sem umtalsverðir möguleikar eru á betrumbótum; t.d. í matar- og dryggjarframleiðslu, endurvinnslu, vatnsnotkun og byggingariðnaði. Um er að ræða svokallað CIP-EIP Eco-Innovation kall.

Áhersla er lögð á verkefni sem eru komin á markaðsfærslustig, þ.e. tækni, vörur eða framleiðsluáðferðir sem sýnt hefur verið fram á að virki tæknilega en eru ekki komnar á markað. Verkefni skulu ennfremur miða að því að minnka umhverfisáhrif eða betrumbæta frammistöðu fyrirtækja í umhverfismálum. Umsóknarfrestur er til 5. september. Frekari upplýsingar veitir Kjartan Due Nielsen á netfanginu kjartan@nmi.is.



Menntun fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði

Samtök iðnaðarins, Starfsgreinasamband Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stóðu saman að verkefni sem miðaði að því að greina þörf almenns starfsfólks í matvælaíðnaði fyrir starfsmenntun. Verkefnið var styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið þess var að kortleggja samsetningu hópsins og þarfir hans fyrir fræðslu auk þess að afla upplýsinga um núverandi stöðu fræðslumála og þarfir fyrirtækjanna. Upplýsingum frá fyrirtækjum var aflað með svokölluðu fjarumræðuborði á netinu og frá starfsmönnum með spurningalista.

Fyrirtækið Maskína sá um framkvæmd könnunarinnar og hana má finna á www.frae.is

Í framhaldi af gagnaöfluninni var kallaður saman hópur sem samanstóð af bæði almennum starfsmönnum og stjórnendum úr matvælafyrirtækjum til að skilgreina almenn störf í matvælafyrirtækjum og hvaða þekkingu og færni starfsfólk þarf að búa yfir til að mæta síauknum kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja til að tryggja öryggi og gæði matvæla. Einnig þarf að tryggja öryggi starfsfólks í umgengni og snertingu við framleiðslufurðir og tækjabúnað.



Aðalfundur

Aðalfundur Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, var haldinn 15. maí. Ingólfur Friðriksson, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu kynnti drög að frumvarpi til laga um vernd vöruheita með uppruna- og staðarvísun sem unnið er að á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Stefnt að því að drögin verði

birt til umsagnar fyrir sumarið og hugsanlega lagt fram frumvarp á Alþingi í haust.

Guðni Ágústsson var endurkjörinn formaður og Einar Sigurðsson, Gunnar Þór Gíslason og Magnús Freyr Jónsson, endurkjörnir í stjórn. Sigurður Jóhannesson lét af stjórnarstörfum eftir þriggja ára setu og voru honum þökkúð einstaklega góð störf í þágu félagsins. Karl Ómar Jónsson var kosinn í stjórn í hans stað. Varamenn voru kjörnir Sigmundur E. Ófeigsson og Steinþór Skúlason.

Að loknum aðalfundarstörfum efndu SMK til umræðufundar með forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Bændasamtaka Íslands. Guðni Ágústsson, formaður SMK og Björgólfur Jóhannesson, formaður SA fluttu erindi um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í hagkerfinu og stöðu úrvinnslugreina landbúnaðarins í því samhengi. Í framhaldinu voru opinskáar umræður um mikilvægi landbúnaðar og úrvinnslugreina hans í víðtæku samhengi.



Málameistarafélag
Reykjavíkur

Bjarni Þór Gústafsson nýr formaður

Ný stjórn Málameistarafélagsins var kjörin á aðalfundi 4. apríl. Bjarni Þór Gústafsson var kjörinn formaður og aðrir í stjórn eru Engilbert Valgarðsson, Ásgeir Freyr Björgvinsson, Ólafur G. Höskuldsson og Þorkell Ingi Þorkelsson, varaformaður.

Fundarmenn voru almennt jákvæðir gagnvart verkefnastöðu sumarsins og sammála um að vitundarvakning hafi orðið hjá almenningi um að kaupa þjónustu frá félagsmönnum Málameistarafélagsins, ekki síst vegna Meistaradeildar og ábyrðarsjóðs Samtaka iðnaðarins.

Þorsteini V. Sigurðssyni fráfarandi formanni Málameistarafélagsins eru þökkúð vel unnin störf á erfiðum tímum.



Málmtækninám í Borgarholtsskóla

Í vetur sóttu 60 nemendur úr 9. og 10. bekk grunnskóla nám í málmíðngreinum í Borgarholtsskóla. Nemendurnir komu úr 10 skólum víðs vegar að úr borginni og lögð var áhersla á að veita þeim innsýn í iðnnám og kynnast nokkrum verkþáttum þess.

Kennt var í fjórum lotum þar sem kennd voru undirstöðuatriðin í logsuðu, plötusmíði, rafeindatækni og vélfræði. Megináherslan var lögð á verklegu þættina þar sem nemendur smíðuðu m.a. litla verkfærakistu úr áli, settu saman rafrás, logsuðu, smíðuðu og lóðuðu saman bát, smíðuðu kertastjaka með því að nota tölvustýrða fræsivél og skáru ýmsa hluti út með því að nota tölvustýrða plasmaskurðarvél. Í upphafi hvernar lotu var farið yfir öryggisþætti.

Tilgangurinn með verkefninu er að kynna nemendum möguleika málm-tæknináms og auðvela þeim að velja sér nám við hæfi.

Skóðanakönnun var lögð fyrir nemendur í lok annar þar sem fram kemur að þeir voru almennt ánægðir með námið og telja sig hafa haft gott af því. Misjafnt er hvaða framhaldsskóla þeir ætla að velja að loknum grunnskóla en þó nokkrir ætla að halda námi áfram í Borgarholtsskóla.

Iðnaður ekki nefndur á nafn

Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er fjallað um ýmsa þætti í íslensku atvinnulífi. Þar stendur m.a.:

„Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar.“ „Ríkisstjórnin leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu í sjávarútvegi og vinnslu.“

„Langtíma stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi er nauðsynleg með tilliti til uppbyggingar.“ Þá er fullyrt að vaxandi eftirspurn eftir matvælum um gjörvalla heimsbyggðina gefi íslenskum landbúnaði sóknarfæri í aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum.

Á sama tíma og þetta er tíundað er í umræddri yfirlýsingu ekki minnst einu orði á iðnað og þá gríðarlegu möguleika sem hann hefur til að auka útflutningsverðmæti og um leið þjóðartekjur. Nægir að nefna hönnun og framleiðslu verðmætra tæknivara sem seljast nú þegar í stórum stíl á alþjóðamörkuðum. Ennfremur má minna á hugverkaiðnað sem vex af dæmafám krafti, að ekki sé talað um áliðnað, þá atvinnugrein sem aflar mestra gjalddeyristekna. Ef dæma má af umræddri stefnuýfirlýsingu má ætla að iðngreinar skipti samt ekki miklu máli þegar horft er til framtíðar um enn frekari atvinnuuppbyggingu hér á landi. Sóknarfæri séu ekki það mikil í iðnaði að taki að nefna þau.

Þeir sem betur þekkja til vita engu að síður að í iðnaði er að finna mikil tækifæri í enn frekari hönnun, framleiðslu og sölu á alþjóðamörkuðum eins og fram kemur í McKinsey skýrslunni um horfur á Íslandi. Þar er bent á að helstu vaxtar-sprotar framtíðarinnar liggja í útflutningi

tækni- og hönnunargreina. Því er þjóðar-nauðsyn, þegar horft er til framtíðar um uppbyggingu arðvænlegra atvinnugreina, að leggja aukna rækt við þróun og eflingu íslensks iðnaðar. Í tækniíðnaði er virðisauki mikill en hann er forsenda góðrar afkomu og þess að geta boðið starfsfólki bestu kjör. Þegar þetta er sagt er síður en svo verið að gera lítið úr öðrum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi, fiskvinnslu og ferðaþjónustu enda standa þær sig, ásamt iðnaði, mjög vel í opinni alþjóðlegri samkeppni og skapa þau verðmæti til þjóðarþúsins sem er grundvöllur velferðar þegnanna. Ennfremur má benda á að á Íslandi væri tæpast rekinn jafn arðbær og glæsileg fiskvinnsla eða önnur matvælaframleiðsla nema fyrir tilstyrk þeirrar tæknivæðingar sem á rætur að rekja til uppbyggilegs samstarfs þessara greina við iðnaðinn.

Enda þótt ekki þyki taka því í margumræddri stefnuýfirlýsingu að nefna iðnaðinn og hlutverk hans í framtíðinni á nafn þá er þar samt að finna ýmislegt gagnlegt fyrir þá atvinnugrein eins og aðrar. Má þar nefna góð fyrirheit um nýsköpun, skattamál, regluumhverfi, nýtingu orkuauðlinda o.s.frv.; allt gott og gilt sem vonandi gengur vel að koma til framkvæmda. Mestu skiptir þó að nýr iðnaðarráðherra láti umrætt afskiptaleysi gagnvart iðnaðinum ekki trufla sig en vinni af alúð og krafti með fyrirtækjum í iðnaði og samtökum þeirra að nýta enn frekar þá gríðarlegu möguleika sem fyrir liggja. Henni er því óskað farsældar í vandasömu og ábyrgðarmiklu starfi.

Ingólfur Sverrisson, forstöðumaður málm- og véltæknisviðs

Tryggvi Jónsson nýr formaður



Aðalfundur Félags ráðgjafarverkfræðinga var haldinn um Amíðjan maí en félagið gekk til liðs við Samtök iðnaðarins fyrir skömmu. Ný stjórn var kjörin og er nýr formaður félagsins Tryggvi Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Mannvit. Tryggvi tekur við af Júlíusi Karlssyni sem gaf ekki kost á sér. Aðrir í stjórn eru Magnús Kristbergsson sem einnig sat í síðustu stjórn. Nýir inn í stjórnina koma Arinbjörn Friðriksson frá Eflu, Bjarni Gunnarsson frá Hit og Guðjón Jónsson VSÓ Ráðgjöf. Stærsta verkefni nýrrar stjórnar verður að fylgja eftir nýrri stefnumótun félagsins.

Haukur Óskarsson, framkvæmdastjóri iðnaðar hjá Mannvit hélt erindi um olíuleit á norðurslóðum og hvaða áhrif slík umsvif kynnu að hafa á íslenskan ráðgjafarmarkað.

Ölgerðin tekur á samfélagsábyrgð

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur skrifað undir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Í því felst skuldbinding um að framfylgja tíu viðmiðum sem snúa að mannréttindum, starfsmannamálum, umhverfi og aðgerðum gegn spillingu. Árlega verður gefin út skýrsla um framgang þeirra viðmiða ásamt ítarlegu samfélagsábyrgðarverkefni Ölgerðarinnar.

Að sögn Svanhildar Sigurðardóttur hjá Ölgerðinni hefur verið unnið að því undanfarin ár að marka félaginu skýra stefnu í samfélagsábyrgð. „Í þeirri vinnu varð fljótt ljóst að helstu snertifletir yrðu umhverfið, samfélagið, markaðurinn og fyrirtækið. Breiður hópur starfsfólks Ölgerðarinnar hefur með endurtekinni hópavinnu tekið saman þau atriði sem samfélagsábyrgð fyrirtækisins tekur til.“

Í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Ölgerðarinnar var ákveðið að ráðast í 100 verkefni. „Þetta er umfangsmikið verkefni í framleiðslufyrirtæki eins og Ölgerðinni en starfsfólk er áhugasamt að flétta hvert verkefni við daglegan rekstur fyrirtækisins.“



Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Afhending verðlauna fóru fram í lokahófi Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda 26. maí. Áttján þátttakendur fengu verðlaun fyrir hugmyndir sínar af þeim 53 þátttakendum sem tóku þátt í úrslitum. Í ár bárust 2906 hugmyndir frá 44 grunnskólum víða um land.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson verndari keppinnar, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Háskólanum í Reykjavík. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti viðurkenningarskjöl til þátttakenda og farandbikar til grunnskóla. Þá kynntu þátttakendur sjálfir hugmyndir sínar fyrir gestum.

Meðal hugmynda sem voru verðlaunaðar eru Tumanál, Sængurver sem hægt er að festa við sæng, Kindaleitari og tölvuleikur um víkinga.

Farandbikar, Guðrúnarbikar og tæknibikar

Farandbikarinn í flokki stærri skóla hlaut Hofsstaðaskóli í Garðabæ. Farandbikarinn í flokki minni skóla hlaut Brúaraskóli á Fljótshlíraði. Anna Hulda Ólafsdóttir afhenti Guðrúnarbikarinn til minningar um móður sína Guðrúnu Þórsdóttir. Þá var Tæknibikar Pauls Jóhannssonar afhentur í fyrsta sinn, en Paul er frumkvöðull NKG og stofnaði keppnina. Nánari upplýsingar á www.si.is



Sæbjúgnasúpa valin best

Í lok apríl var haldið málþing um íslenskan matvælaíðnað, umhverfismál og vistvæna nýsköpun. Á sama tíma var efnt til sýningar á verkefnum nemenda í vistvænni nýsköpun matvæla en nemendur höfðu keppt um titilinn vænlegasta og vistvænsta nýsköpunarhugmyndin á matvælasviði árið 2013.

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Helga Franklínisdóttir og Sigríður Hulda Sigurðardóttir nemendur við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sigruðu í Ecotrophelia Iceland að þessu sinni en þær framleiddu og hönnuðu vöruna Hai Shen sem er sæbjúgnasúpa og er ætlunin að markaðssetja súpuna á Kínamarkað. Súpan fékk afburða dóma er varðar bragð, útlit, þróun og ekki síst hve umhverfisvæn framleiðslan er.

Ecotrophelila Iceland er haldin af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og Samtökum iðnaðarins. Sigurvegarar keppinnar munu fara með vöruna í evrópukeppnina í Köln í október.